


Alur, álvinnsla hf.

GRÆNT BÓKHALD ÁRIÐ 2004

FYRIR

AL ÁLVINNSLU HF
KT.: 590398-2099
SUNDAGÖRÐUM 2,
104 REYKJAVÍK



EFNISYFIRLIT

Staðfesting stjórnar	bls. 1
Áritun endurskoðenda	bls. 2
Umhverfisstefna	bls. 3
Framleiðsluferlið	bls. 4
Lykiltölur	bls. 5


STAÐFESTING STJÓRNAR

Stjórn Als, álvinnslu hf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um grænt bókhald félagsins vegna starfsemi í Helguvík.

Rekstrarárið 2004 var fyrsta heila rekstrarár félagsins. Að álitum stjórnarinnar koma fram í skýrslunni allar nauðsynlegar upplýsingar og magntölur um hvernig umhverfismálum er háttað hjá félaginu.

Helguvík, 29. ágúst 2005

Í stjórn Als, álvinnslu hf


frambur stj. á
embætti stj. á

STAÐFESTING ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Als, ávinnslu hf.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Als, ávinnslu hf. fyrir árið 2004, en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku- og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningi séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald Als, ávinnslu hf sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2004 og að aðrar upplýsingar sem fram koma í henni séu rétt fram settar.

Reykjavík, 31. ágúst 2005

Endurskoðunar- og bókhaldsþjónstan ehf



Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

UMHVERFISSTEFNA

Alur hf skuldbindur sig til að uppfylla þá samninga sem fyrirtækið hefur gert við viðskiptavinina sína. Í því felst m.a. að ná sem bestri nýtingu í ferlinu og búa til afurð sem uppfyllir væntingar viðskiptavinanna.


Alur hf setur í öndvegi öryggi þess fólks sem sinnir daglegri vinnslu félagsins og leggur mikla áherslu á gæðavitund þess og meðvirkni við að uppfylla gæðakröfur.

Alur hf hefur að leiðarljósi að valda sem minnstum náttúruspjöllum og mengun. Liður í þeirri viðleitni er að velja bestu fáanlegu tækni, og leita á hverjum tíma leiða til að meðhöndla aukaefni í vinnslunni með þeim hætti sem leiðir til minnstrar röskunar á umhverfi.

Í þessu sambandi meðal annars hrinti Alur hf. af stað á árinu rannsóknarverkefni um frekari nýtingu og vinnslu úr gjallsandi. Til þessa verkefnis naut félagið styrks frá Tækniþróunarsjóði Rannís.

Stjórnendur Als hf skuldbinda sig til að horfa gagnrýnum augum á öll ferli fyrirtækisins með það að leiðarljósi að endurbæta þau. Alur hf stefnir að því að byggja upp stjórnkerfi sem uppfyllir kröfur ISO9001:2000 staðalsins.

FRAMLEIÐSLUFERLIÐ



Myndin sýnir yfirlitsmynd af vinnslusal Als. Hráefni er flutt til verksmiðjunnar í 20 ft gámum sem hver um sig geymir um 21 tonn af gjalli. Á hverjum tíma er unnið úr einum gámi sem fluttur er að verksmiðjuhlíð. Efni er tekið úr gámnum með lyftara og flutt í hleðsluvél sem gengur á spori að ofni. Í hverri vinnslulotu eru unnin um 7 tonn af hráefnum. Vinnslulotan tekur 2 - 3 klukkutíma. Að henni lokinni er ofninn opnaður, honum hallað og málminum hellt út. Hann rennur í útsteypingu þar sem hann kólnar í 700 kg hleifum. Að því loknu er gjallsandurinn hreinsaður úr ofninum, hann er settur í stálkassa sem fluttir eru að reykhreinsivirki til kælingar.

Málmhleifar eru fluttir tilbaka til álveranna í sömu 20 feta gámunum og gjallið kemur með.

Gjallsandurinn er kældur og að því loknu urðaður í landfyllingu.

FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN HRÁEFNA OG ORKU

	Eining	2004
FRAMLEIÐSLA ÁRSINS:	kg.	2.357.113
HRÁEFNI:		
Mótttekið álgjall	kg.	5.026.324
ORKA OG ELDSNEYTI:		
Súrefni	kg.	407.680
Rafmagn	kwst.	471
Olía (skipagasolía)	ltr.	156.246
LOSUN Í ANDRÚMSLOFT:		
Ryk	kg.	417
CO2	kg.	411.174
SO2	kg.	526
ÚRGANGUR:		
Afsogsryk	kg.	90.000
Gjallsandur	kg.	2.579.211